

Miðvikudagur, 26/03/2025



Stjórnarfundur Retrieverdeildar.

Fundur haldinn í fundarherbergi HRFÍ

Mætt eru: Dagný, Gísli Már, Guðni Þór, og Sólrún Dröfn

Fundur er settur klukkan 19:00

Dagskrá fundarins:

1. Yfirferð tölvpósta til stjórnar

-Erindi svarað frá fóðurinnflytjanda vegna mögulegs samstarfs.

-Fulltrúaráðsfundur hefur boðað formenn ræktunarráða á sameiginlegann fund. Guðni mætir á hann fyrir hönd Retrieverdeildar.

-Ósk frá Bendi um að birta auglýsingu vegna 15 ára afmælis þeirra. Því var brugðist við og birt á samfélagsmiðlum okkar, Facebook og Instagram.

-Stöðuleyfi fyrir deildarsýningu frá Hafnarfjarðarbæ er komið og er frágengið.

2. Yfirferð fjármála frá síðasta fundi.

-Flug og gisting vegna dómara á deildarsýningu í maí eru bókuð.

-Stöðuleyfi til Hafnarfjarðarbæjar vegna deildarsýningu er greitt.

-Veiðiprófsdómarinn Thrine Lise er kominn með bókað flug, á eftir að fá nánari upplýsingar frá Sigurði B. vegna Ragnhild Hammelbo.

-Von er á reikningi frá Jóa byssusmið eftir að byssur deildarinnar voru breyttar í "start" byssur. Steypt var upp í hlaup og þær afskráðar.

-Óska eftir greiðslukorti fyrir gjaldkera fyrir útgjöldum tengt Retrieverdeild, samþykkt af stjórn.

3. Staða verkefna eftir síðasta stjórnarfund

- Vinnuskjöl hafa verið sett inn á google drive og deilt með stjórn sem sameiginlegt vinnusvæði.
- Tengiliðir hafa verið uppfærðir á heimasíðu deildarinnar.
- Enn verið að koma upp aðgangi fyrir fleiri stjórnarmenn að heimasíðu deildarinnar.
- Heyra þarf í Sunnu Birnu vegna breytinga á raunverulegum eigendum hjá RSK.

4. Starfið framundan

- Veiðipróf, fréttir af veiðinefnd, lítið að fréttu meira frá veiðinefnd, allt í réttum farvegi fyrir komandi prófatímabils.
- Sýningar, fréttir frá sýningarnefnd. Sýningarþjálfun um næstu helgi og hvolpasýning framundan. Dómarar eru bókaðir og Víðistaðatún fyrir deildarsýningu er staðfest.
- Fulltrúaráðsfundur. Óskað verður eftir að HRFÍ kaupi fjarfundarbúnað sem deildir undir HRFÍ geta nýtt á fundum og fræðslukvöldum. Fá netföng hjá félagsmönnum retrieverdeildar svo hægt sé að útbúa póstlista til að hægt sé að deila viðburðum og mikilvægum fréttum með félagsmönnum deildarinnar.

5. Fuglaflensan

Ekkert hefur komið upp sem hefur varpað nýju ljósi á fuglaflensuna. Veiðinefnd bíður eftir frekari upplýsingum sem varpar betra ljósi á málið.

6. Hugmyndavinna fyrir umbætur á starfi deildarinnar

- Instagram síða RetrieverdeildHRFI hefur verið sett á laggirnar til að miðla upplýsingum og sýna frá starfi deildarinnar og ná til breiðari hóps
- Hugmynd að fá nýja styrktaraðila til að koma að starfinu, nokkrar hugmyndir uppi sem þarf að skoða nánar.
- Hugmynd að Retrieverdeild komi að viðburði á útsýningum á vegum HRFÍ í samstarfi við t.d. vinnuhundadeild og vera með mögulega kynningu á hlýðni/veiðiprófi/hundafimi
- Nýliðakynning á starfinu. Sýningarstarf og veiðipróf kynnt fyrir nýliðum.

-Hugmyndir af fræðslukvöldum:

Olgeir, saga gagnagrunns deildarinnar, gæti verið áhugaverður pistill jafnvel ?

Fá dýralækni til að fara yfir fyrstu hjálpi á t.d. rjúpnaveiðum

Fá kynningu frá fagfólki menntuðu í stoðkerfisvandamálum og fyrirbyggjandi æfingum til að kynna fyrir félagsmönnum hvernig við getum hugsað enn betur um okkar hunda.

-Senda út könnun á félagsmenn þegar við getum sett saman póstlista og fá að vita hvað betur má fara hjá deildinni.

-Bæta auglýsingar og búa til "reels" fyrir instagram reikninginn og auka sýnileika deildarinnar og það sem við stöndum fyrir.

7. Önnur mál

-Óska eftir fylgiskjali nr.50 til stjórnar HRFÍ vegna reglugerðarbreytingar á fulltrúa HRFÍ á veiðiprófum. Þarf að skoða nánar hvort reglugerðarbreyting hafi átt sér stað eða einungis undanþága á ákvæði um fulltrúa HRFÍ á veiðiprófum.

-Næsti stjórnarfundur ákveðinn miðvikudaginn 30.apríl klukkan 19:00

Formlegum stjórnarfundum slitið klukkan 21:10

8. Umfjöllun um erindi frá veiðiprófs dómurum.

-Dagný kys að víkja af fundinum fyrir þetta málefni.

Fundi slitið klukkan 21:45

Gísli Már Árnason, ritari.

